



Alþingi  
Erindi nr. P 139/55  
komudagur 1.11.2010

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2010.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010-2011 þingskjal 10 -10. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um meðferð einkamála. Fyrirhuguð breyting varðar 2. mgr. 165. gr. laganna þar sem kveðið er á um það með hvaða hætti dómara við Hæstarétt Íslands skuli standa að því að semja hæstaréttardóma og hvernig staðið skuli að birtingu þeirra. Markmið breytinganna er, samkvæmt greinagerð með frumvarpinu, að auka gagnsæi í störfum dómara við Hæstarétt Íslands með því að greinilega komi fram hvaða dómari samdi dóminn auk þess sem viðhorf einstaka dómara til sakarefnis máls hverju sinni verði aðgengilegri en þau eru nú. Þessi breyting er lögð til í kjölfar vaxandi áherslu á aukið gagnsæi í störfum helstu valdastofnana samfélagsins, sem stafar meðal annars frá birtingu rannsóknarnefndar Alþingis á skýrslu sinni.

Mannréttindaskrifstofa Íslands gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp. Hún vill engu að síður koma eftirfarandi á framfæri:

Í lokamálslið 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að „dómþing skuli háð í heyrenda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkis eða hagsmuna málsaðila.“ Í þessu felst réttur aðila til að fylgjast með því sem fram fer við meðferð máls svo sem hvaða sjónarmið og sönnunargögn koma þar fram. Jafnframt tryggir þessi regla um opinbera málsmeðferð, að almenningur geti fylgst með störfum dómenda og veiti þeim þannig ákveðið aðhald í störfum sínum. Ofangreind breyting fellur vel að þessari reglu og eykur því möguleika aðila máls og almennings til að kynna sér niðurstöður dómstóla, þær forsendur sem þær eru byggðar á og viðhorf dómara til sakarefnisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri